

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Gileyri, Tálknafirði



Dags eftirlits	22.4.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Miðtún 13	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu fyrir árið 2024 er varðar sýnatökur úr frárennsli, aðeins var framkvæmd ein sýnataka úr frárennsli við lágmarkslífmassa. Rekstraraðili á að taka sýni tvisvar á ári frá inntaki og frárennsli í hámarks og lágmarkslífmassa.

Ábending.

Ein ábending var gerð, rekstraraðila var bent á að taka sýni úr inntaki og útrás frárennslis. Einungis var tekið sýni við útrás frárennslis í lágmarkssýnatökunni sem var framkvæmd 2. september 2024.

UMFANG EFTIRLITS

Þann 22. apríl sl. fór fram reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar hjá Arnarlaxi ehf, í Gileyri í Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi skýrsla. Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum að Gileyri í Tálknafirði. Hámarkslífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 1.000 tonn.

Eftirlitið fólst í yfirferð þeirra gagna sem rekstraraðila ber að skila inn skv. starfsleyfi og reglugerðum.

Yfirfarin gögn eru:

- Grænt bókhald fyrir árið 2024, barst stofnuninni 16. apríl 2025.
- Útstreymisbókhald fyrir árið 2024, barst stofnuninni 16. apríl 2025.
- Ársyfirlit fyrir árið 2024, barst stofnuninni 16. apríl 2025.
- Frárennslismæling, barst stofnuninni 6. október 2024.

Ekki voru gerðar athugasemdir við gögnin nr. 1 til 3 sbr. listann hér að ofan.

En ein athugasemd var gerð við gögnin tengd frárennslismælingum.

Staða eldri frávika og ábendinga:

Eldri frávik

- Framleiðsla ársins 2023 var rúmlega 239,9 tonn sem var umfram þau 200 tonn sem heimilt er skv. starfsleyfi í stöðinni. Frávikinu er lokað, rekstraraðili er kominn með nýtt starfsleyfi sem heimilar 1000 tonna framleiðslu af laxi.

Eldri ábendingar:

- Töluvert af fugli var við frárennslid í eftirliti 2024.
- Rekstraraðila var bent á að skrá afföll í ársyfirlit og græna bókahaldið. Skráningar voru til staðar í gögnum fyrir árið 2024.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 4.3 í starfsleyfi.

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) [a.m.k. tvisvar á ári en fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.8.] Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð, rekstraraðila var bent er á að taka sýni úr inntaki og útrás frárennslis. Einungis var tekið sýni

við útrás frárennslis í lágmarkssýnatökunni sem var framkvæmd 2. september 2024.

Reykjavík, 15.05.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir